

Þjóðararfur og þjóðrækni.

Eftir séra G. Guttormsson.



EGINN hefði eg viljað vera maður fyrir efninu, sem á var bent, er eg var beðinn um línur þessar — maður til að leysa verkið svo af hendi, að um munaði. Mætti eg tala eins og sá, er vald hefir, *um framtíð íslenzks þjóðernis hér í álfu*; mætti eg ráða rún örlaganna sjálfum mér og öðrum í vil, og færa löndum mínum góðar fregnir og sannar af æfi-brautinni fram undan, þá væri óskasteinninn kominn í mínar hendur. En því miður hefi eg ekki eignast þann dýrgrip enn, né heldur er eg svo spámannlega vaxinn, að eg treysti mér til að segja mikið um óorðna hluti.

Og þó er það einmitt framtíðin, sem aðallega er um að hugsa í sambandi við þetta mál um viðhald vestur-íslenzks þjóðernis. Fyrir hana gerum vér það, sem gert verður í því máli; og það sem vér látum ógert, verður hennar tap. En hún krefur annars fremur en lófalesturs. Ókomnir tímar munu fara sinna ferða fyrir spám öllum og draumórum, en fyrir ráðum og dáð munu þeir bera meiri virðingu. Hvort sem fyrir oss liggur að hreppa hagstæð veður eða mótvinda, þá er svo mikið víst, að ef vér leggjum árar í bát nú, eða tökum ranga stefnu, þá er öll von úti. Ef vér því viljum, að eitthvað íslenzkt fái að lifa hér, þá þurfum vér að gjöra sjálfum oss sem allra glöggasta grein fyrir því, hvað það er, sem lífgjafar er vert og hvers vegna, og í hverjum

anda vinna skuli að viðhaldinu. Svo verður auðvitað höndin að fylgja huganum.

Um þetta efni vildi eg fara nokkrum orðum — hvað það sé, sem réttur leyfir og skylda krefur í þjóðernismálinu, og hvað undir þurfi að búa viðleitni vorri í þeim sökum, svo vel sé. Aðrir hafa ritað vel um efnið áður, og verður því erfitt að bera hér eintómt nýnæmi á borð fyrir lesandann; en málið er mikilvægt og þarf að ræðast sem allra mest út í æsar og skoðast frá öllum hliðum. Geti eg nú lagt fram eitthvað nýtilegt, jafnvel þótt ekki væri nema það, að dusta rykið af einhverri gamalli og góðri hugsun, þá fyndist mér sjálfum betur farið en heima setið.

Ekki er vert að kippa sér upp við það, þótt mjög skifti í tvö horn um álit manna á þessu máli. Öfgar gjöra vart við sig í öllum álita-málum, og ekki er einber skaði skeður, þótt þeim lendi saman annan sprettinn. Þær minna mig á kvörnina Gróttu, sem ambáttirnar tvær voru látnar mala gullið í fyrir Fróða konung, — en sungu söng sinn á meðan. Þegar tveim skoðunum andvígum lendir saman, þá finst mér oft eins og þar sé komnar skessurnar Fenja og Menja; orðasennan er Gróttu-söngur þeirra; en út á milli urgandi kvarnarsteinanna, sem eru öfgar tveggja hliða, hreytist svo gulldustið, Fróða-mjöl sannleikans, svo fínt og sein-unnið, að enginn